


Aðgangsréttur PVRG: Hvað ber að afhenda og hvernig?

Alma Tryggvadóttir

Erindi hjá Stjórnvísi, 19. september 2018

Réttur til aðgangs að eigin persónuupplýsingum

- Aðgangsrétturinn þríþættur
  - réttur til að fá staðfestingu á því að unnið sé með persónuupplýsingar
  - réttur til að fá afrit af þeim persónuupplýsingum sem unnið er með
  - réttur til að fá aðrar upplýsingar um vinnsluna
- Áhrif meginreglunnar um gagnsæi á réttindi einstaklinga
- Tímamörk
  - Án ótilhlýðilegrar tafar og innan mánaðar
  - Heimilt að framlengja að ákveðnum skilyrðum uppfylltum
  - Tilkynna um töf og réttar til að kvarta til persónuverndaryfirvalda

Takmarkanir á aðgangsrétti

- Ákvæði 15. gr. PVRG gildir ekki ef brýnir hagsmunir einstaklinga tengdir upplýsingunum, þar á meðal hins skráða sjálfs, vega þyngra, sbr. 3. mgr. 17. gr.
- Heimilt er með lögum að takmarka aðgangsrétt, virði takmörkun eðli grundvallarréttinda og mannfrelsis og teljist nauðsynleg og hófleg ráðstöfun í lýðræðisríki, til að tryggja:
  - Þjóðaröryggi; Landvarnir; Almannaöryggi
  - Það að koma í veg fyrir / rannsaka / koma upp um / saksækja fyrir refsibrot o.fl.
  - Önnur mikilvæg markmið sem þjóna almannahagsmunum, einkum efnahags- eða fjárhagslegum
  - Vernd skráðs einstaklings / brýna almannahagsmuni / grundvallarréttindi annarra
  - Það að einkaréttarlegum kröfum sé fylgt
  - Lagaákvæðum um þagnarskyldu

Takmarkanir á aðgangsrétti frh.

- Sérregla um aðgang að persónuupplýsingum í vinnuskjölum, sbr. 5. mgr. 17. gr. pvl.
  - Hafi þær verið notaðar við undirbúning ákvarðana hjá ábyrgðaraðila
  - Hafi þeim ekki verið dreift til annarra
  - Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja undirbúning málsmeðferðar
- Sérreglna um aðgang að persónuupplýsingum í málum sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum, sbr. 6. mgr. 17. gr. pvl.
- Ákvæði 15. gr. PVRG gildir ekki þegar vinnsla persónuupplýsinga fer aðeins fram í þágu:
  - Vísinda eða sagnfræði eða í tölfræðilegum tilgangi
  - Skjalavistunar í þágu almannahagsmuna
  - „…að svo miklu leyti sem telja má að þessi réttindi geri það ómögulegt eða hamli því verulega að unnt sé að ná viðkomandi markmiðum“

Umfang aðgangsréttar

- Umfang aðgangsréttar - Hvernig er línan dregin og af hverjum?
  - Biðla til hins skráða um að afmarka beiðni ef starfsemi er umfangsmikil
- Tímamörk – hversu langt aftur í tímann ber að fara við afhendingu?
  - Dagsetningar eða tímabil sem aðgangsbeiðni tekur til sbr. leiðbeiningar PV
- Afrit af *skjölum/gögnum* eða afrit af *persónuupplýsingum* – er munur?
- Gamlar og úreltar persónuupplýsingar – afhenda eða eyða?
  - Sænsk fréttaskýring ctrl+alt+del

Afgreiðsla aðgangsbeiðna

- Engar formkröfur hvorki í pvl. né PVRG um aðgangsbeiðnir
  - Hinum skráða heimilt að setja beiðni fram munnlega eða skriflega skv. persónuverndaryfirvöldum
  - Beiðni má afhenda hvaða hluta starfsemi ábyrgðaraðila sem er
- Vísbendingar í formálsorðum PVRG (59, 63-64):
  i. Ábyrgðaraðili á að auðvelda einstaklingum að neyta réttar síns til aðgangs
  ii. Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að hægt sé að leggja fram beiðnir rafrænt
  iii. Ábyrgðaraðili *ætti* að vera fær um að veita einstaklingum fjaraðgang að öruggu kerfi sem veitir beinan að gang að persónuupplýsingum um viðkomandi
  iv. Ef ábyrgðaraðili vinnur mikið magn upplýsinga má hann óska eftir því að einstaklingur tilgreini nánar til hvaða upplýsinga/vinnsluaðgerða beiðnin nær
  v. Ábyrgðaraðili má óska viðbótarupplýsinga til að staðfesta deili á einstaklingi

Synjun á aðgangi að persónuupplýsingum?

- Tilefnislaus beiðni eða óhófleg einkum vegna endurtekningar
  - Neita að verða við beiðninni
  - Setja upp sanngjarnt gjald með tilliti til stjórnsýslukostnaðar við upplýsingagjöfina
- Afhending hefur áhrif á réttindi og frelsi þriðju aðila nema:
  - Þriðji aðili hefur samþykkt afhendinguna
  - Ef hagsmunir hins skráða af afhendingunni vegna þyngra en hagsmunir þriðja af því að hún fari ekki fram
- Tilkynna hinum skráða um:
  - synjun og rökstyðja hana
  - rétt til að kvarta til persónuverndaryfirvalda

- Hversu langan tíma tekur að afgreiða aðgangsbeiðni?
- Er hægt að óska eftir aðgangi að persónuupplýsingum sínum oftar en einu sinni?
- Hvað get ég gert ef ég er ósátt/ósáttur við afgreiðslu á aðgangsbeiðni minni?
- Getur fyrirtæki eða stjórnvald krafist viðbótarupplýsinga frá mér áður en beiðni um aðgang er afgreidd?
- Þarf ég að sýna skilríki til þess að fá aðgang að persónuupplýsingum um mig?
- Hvernig á að veita aðgang að persónuupplýsingunum?
- Hvenær má neita beiðni um aðgang?
- Má krefja mig um greiðslu fyrir aðgang að persónuupplýsingunum mínum?

Ný Réttindagátt Landsbankans

- Landsbankinn opnaði sérstaka *Réttindagátt* á vefsíðu bankans til að auðvelda einstaklingum að neyta réttar síns
  - Sérstakt umsóknarform þar sem hægt er að velja hvaða persónuupplýsingum óskað er aðgangs að
  - Rafrænt afgreiðslubeiðnakerfi smíðað sem er nánast sjálfvirkt
- Lærdómsferli (Umfang; Afgreiðsla; Framsetning)
- Viðbrögð einstaklinga
- Framhaldið?
  - Fylgjast með túlkun yfirvalda og dómstóla
  - Byrja fyrr en ella – þið munuð rekast á

Forsíða › Um bankann › Persónuvernd › Réttindagátt viðskiptavina

Persónuvernd

Yfirlit | Persónuverndarstefna | Réttindag

Yfirlit | Aðgangur | Leiðrétting | Eyðing | Takmörkun | Flutning

Beiðni um aðgang að persónuupplýsingum

Einstaklingur getur óskað eftir afriti af þeim persónuupplýsingum sem bankinn notar við vinnslu.

Nánar

Beiðni um eyðingu persónuupplýsinga

Einstaklingur hefur rétt til að krefjast þess í ákveðnum tilvikum að Landsbankinn eyði persónuupplýsingum án ótilhlýðilegrar tafar, þetta er þó háð ákveðnum skilyrðum.

Nánar

Beiðni um flutning eigin persónuupplýsinga

Einstaklingur hefur rétt til þess að Landsbankinn flytji tilteknar persónuupplýsingar, sem varða hann sjálfan, beint til annarra fyrirtækja, stofnana ef það er tæknilega framkvæmanlegt eða til einstaklinganna sjálfra á algengu tölvulesanlegu sniði.

Nánar

Þegar þú sendir Landsbankanum beiðni í réttindagáttinni afhendir þú bankanum að afgreiða beiðnina og eftir atvikum hafa samband við þig vegna hennar. Ekki e á sér deili.

Hafðu samband - 410 4000 - landsbankinn@landsbankinn.is

Þjónustuverið er opið virka daga 9-17. Afgreiðslutími útibúa. Hraðbankar.

Kynntu þér vexti og verðskrá.



Beiðni um aðgang að persónuupplýsingum

4.6.2018

Landsbankinn hefur móttekið beiðni þína og mun nú hefjast handa við að afgreiða beiðnina. Landsbankinn leitast við að svara öllum beiðnum innan 30 daga en eftir atvikum gæti afgreiðsla erinda tafist. Ef svo er verður þú upplýst(ur) um fyrirhugaða töf og ástæður hennar.

Vakin er athygli á því að sæki viðskiptavinur ekki þær persónuupplýsingar sem beiðni um aðgang varðar innan 90 daga verður þeim eytt.

Kveðja,
Landsbankinn

Beiðni um aðgang að persónuupplýsingum

Persónuverndarlögin veita þér rétt til staðfestingar á því hvort Landsbankinn vinni persónuupplýsingar um þig og ef svo er, rétt til fá aðgang að þeim persónuupplýsingunum. Þá ber bankanum að láta þig fá afrit af þeim persónuupplýsingum sem eru í vinnslu.

Vakin er athygli á því að afhending persónuupplýsinga má ekki skerða réttindi og frelsi annarra þriðju aðila og eftir atvikum getur bankinn þurft að strika út persónuupplýsingar um óviðkomandi

umbeðnum gögnum.

randi atriði:

eru unnar í starfsemi bankans
ir um þig í starfsemi bankans og um uppruna
aðila
fa fengið eða munu fá persónuupplýsingarnar

sónuupplýsingar þínar
.t. gerð persónusniðs um þig
að leggja fram kvörtun hjá

st í persónuverndarstefnu Landsbankans.

Afgreiðsla beiðna

Bankinn mun upplýsa þig um aðgerðir sem gripið er til vegna beiðni þinnar um aðgang að persónuupplýsingu, innan mánaðar frá viðtöku hennar. Svo unnt sé að afgreiða aðgangsbeiðnina er bankanum nauðsynlegt að afla persónuupplýsinga um þig til að tryggja auðkenningu og vinna úr beiðninni.

Verði Landsbankinn ekki við beiðni þinni getur þú lagt fram kvörtun hjá persónuverndarfulltrúa bankans eða hjá Persónuvernd.

ónuupplýsingum þínum með því að fylla út eftirfarandi reiti og haka við þær tir:

- Innlán
- Útlán
- Innheimtukröfur
- Innheimta og vanskil
- Verðbréfaviðskipti
- Eignastýring
- Lífeyrissparnaður
- Viðskiptavinurinn
- Starfsumsókn og starfsmannauppl.

ðs eða fjármögnunarfyrirtækis sem nú er hluti af Landsbankanum?

rðurlands, Sparisjóð Vestmannaeyja, SP-fjármögnun og Avant.*

Hafðu samband - 410 4000 - landsbankinn@landsbankinn.is

Þjónustuverið er opið virka daga 9-17. Afgreiðslutími útibúa. Hraðbankar.

Kynntu þér vexti og verðskrá.

Rétt að lokum…

- Afgreiðsla aðgangsbeiðna er tímafrek og erfið
- Gott að tilnefna einhvern sem hefur yfirumsjón með verkferlinu
- Rétturinn er kominn til að vera – þó fjöldi beiðna sé e.t.v. ekki hár sparar það tíma, vinnu og fjármuni til lengri tíma ef afgreiðslan er rafræn og sjálfvirk og getur auk þess nýst til að sýna fram á hlítingu við ákvæði PVRG
- Leiðbeinið viðeigandi starfsmönnum, þvert á fyrirtæki/stofnun, um rétt einstaklinga til aðgangs og afgreiðslu slíkra beiðna innanhúss
- Sérhver ábyrgðaraðili mun afgreiða aðgangsbeiðnir með sínu nefi – engin stöðluð aðferð
- Nálgast aðgangsbeiðnir með jákvæðu hugarfari